

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Sent í samráðsgátt

7. desember 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um Kríu sprota- og nýsköpunarsjóð, mál nr 253 / 2020.

Framvís - samtök vísifjárfesta vísa í drög um reglugerð um Kríu sprota- og nýsköpunarsjóð, sem birt voru í samráðsgáttinni þann 20. nóvember 2020.

Framvís fagnar Kríu og er þetta mikilvægt skref í að efla enn frekar nýsköpun á Íslandi.

1. Umsóknir

Í reglugerð er lagt til að stjórn Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs skuli að jafnaði einu sinni á ári auglýsa opinberlega eftir umsóknum um þátttöku sjóðsins í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr 65/2020 um Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs, reglugerðar þessarar og starfsreglna samkvæmt 3. gr.

Til þess að hlutverk Kríu virki sem skyldi telja Framvís, samtök vísifjárfesta á Íslandi, afar mikilvægt að opið sé fyrir umsóknir í sjóðinn allan ársins hring eða í það minnsta ársfjórðungslega til að koma móts við þarfir markaðarins. Sjóðir og einkafjárfestar fjármagna sig í takt við tækifærin sem fyrir liggja í nýsköpunarumhverfinu.

2. Skilyrði fyrir þátttöku Kríu - sprota og nýsköpunarsjóðs

Í reglugerð er lagt til að stjórn Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs sé heimilt að taka þátt í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði.

4. liður í reglugerð 5. greinar: Að sjóðinum komi aðili sem hafi umtalsverða reynslu, þekkingu og árangur í alþjóðlegu umhverfi fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Telur Framvís þennan lið óskýran og bjóði upp á matskennda ákvörðunartöku. Telja samtökin að önnur skilyrði 5 gr. ættu að vera nægjanleg til að tryggja að það komi aðili sem hafi umtalsverða reynslu, þekkingu og árangur í alþjóðlegu umhverfi. Því leggur Framvís til að liður 4. í 5. greinar verði tekinn úr reglugerðinni.

5. liður í reglugerð 5. greinar: Sjóðurinn hafi ekki á þeim tíma sem þátttaka Kríu - sprota og nýsköpunarsjóðs er samþykkt, fjárfest hærra hlutfalli en sem nemur 10% af heildar stofnfé sínu.

Framvís vill benda á þann annmarka að ef Kría mun eingöngu fjárfesta einu sinni á ári þá sé ekki ólíklegt að Kría sé mögulega að koma inn í seinni lokun sjóða og þá þarf þetta þak að vera hærra, sem dæmi 25%. Best væri þó að Kría fjárfesti oftar en einu sinni á ári eftir því sem þörf krefur í takt við markaðinn.

3. Ákvörðun stjórnar um þátttöku í sjóði

Í reglugerð er lagt til að jafnaði skuli stjórn taka ákvarðanir um þátttöku í viðurkenndum sérhæfðum sjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 65/2020 um Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóð og reglugerðar þessarar og starfsreglna samkvæmt 3. gr einu sinni á ári og innan sex vikna frá því fullbúin umsókn barst, sbr þó 2. mg. 4. gr. reglugerðar þessarar. Ákvörðun stjórnar skal tilkynnt umsækjendum skriflega innan átta vikna frá því fullbúin umsókn barst.

Telur Framvís ferlið frá auglýsingu til tilkynningar sé of langt og þarfnist meiri sveigjanleika, sérstaklega í ljósi þess ef niðurstaðan verður sú að tekið verði eingöngu við umsóknum einu sinni ári. Telur Framvís tvær vikur jafnframt óþarflega langan tíma frá því að ákvörðun liggur fyrir fram til þess að skrifleg tilkynning berst.

4. Umsýsluaðili

Í reglugerð er lagt til að ráðherra muni semja við hæfan aðila sem skuli hafa með höndum faglega umsýslu Kríu - sprota og nýsköpunarsjóðs. Umsýsluaðili skal meðal annars sjá um samningagerð fyrir Kríu - sprota og nýsköpunarsjóðs við þá viðurkenndu sérhæfðu sjóði sem Kría - sprota og nýsköpunarsjóður hefur skráð sig fyrir stofnfé í.

Ákjósanlegast telur Framvís að valinn sé aðili sem hafi haldþæra þekkingu á fjárfestingu vísisjóða. Jafnframt þarf að gæta þess að viðkomandi sé ekki samkeppnisaðili annarra sjóða til að koma í veg fyrir hagsmunaaðreksra.

Framvís vill einnig benda á að skýr þátttökuskilyrði þurfi að liggja fyrir frá Kríu frá upphafi því ógerlegt verði fyrir sjóði að semja um sérkjör við Kríu eftir að hafa fjármagnað 70% af heildar stofnfé sínu. Ólíklegt verður að teljast að nokkur aðili muni skuldbinda sig viðkomandi sjóði ef samningar eru opnir fyrir þann sem kemur inn síðastur (Kría).

Virðingafyllst,

Stjórn Framvís - samtaka vísifjárfesta

Helga Valfells, Crowberry Capital
Kjartan Ólafsson, Volta
Sigurður Arnljótsson, Brunnur Ventures
Svana Gunnarsdóttir, Frumtak Ventures
Örn Valdimarsson, Eyfir Venture Management